

## FUNDARGERÐ

252. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 17. mars 2023 og hófst kl. 12:00.

Mætt voru stjórnarmennirnir Margrét Tryggvadóttir, Diljá Ámundadóttir, Mörður Áslaugarson, Þráinn Óskarsson, Sigurður Helgi Birgisson, Aron Ólafsson og Nanna Kristín Tryggvadóttir. Silja Dögg Gunnarsdóttir og Jón Ólafsson sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Hrafnhildur Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Anna Bjarney Sigurðardóttir framkvæmdarstjóri fjármála, Bryndís Dagsdóttir forstöðumaður fjármála, Sveinn R. Reynisson endurskoðandi, Björn Helgi Arason endurskoðandi og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

### 1. Samstæðureikningur Ríkisútvarpsins ohf. 2022

#### a. Samstæðureikningur

Forstöðumaður fjármálal kynnti samstæðureikning RÚV fyrir árið 2022. Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu var tap af rekstri RÚV að fjárhæð 164 m.kr. á árinu 2022. Tekjur af almannajónustu voru 5.085 m.kr. og auglýsingatekjur námu 2.398 m.kr. en heildartekjur hækkuðu um 12% frá fyrra ári. Rekstarkosnaður hækkaði um 811 m.kr. á milli ára eða um 12%.

Rekstarhagnaður fyrir fjármagnsgjöld var 337 m.kr. en hrein fjármagnsgjöld námu kr 501 m.kr. Fjármagnsgjöld hækkuðu um kr. 247 m.kr. á milli ára en mest munaði um hækkun á verðbótum á LSR láni og gengistap.

Í árslok námu heildareignir félagsis 8.986 m.kr. og hækka um 220 m.kr. frá síðasta ári. Mest sé hækkun á sýningarrétti eða 163. m.kr. en aðrar skammtímakröfur lækkuðu um 126 m.kr. en krafa á skattinn að fjárhæð 174 m.kr. vegna virðisaukaskatts hafi verið afgreidd.

Eigið fé í árslok nam 1.804 m.kr. og sé eiginfjárlutfall í lok árs 2022 20,1% en var 22,5% í upphafi árs.

Hækkun skulda á árinu sé helst vegna langtímaláns við LSR en hækkun á því nemur 249 m.kr. sem skýrist af verðbótahækkun höfuðstóls umfram greiddar afborganir. Langtímaskuldir í árslok séu 4.871 m.kr.

Skammtímaskuldir í árslok námu 2.311 m.kr. og hækkuðu um 294 m.kr. frá fyrra ári en mest munaði um hækkun á samningsskuldbindingum vegna kaupa á sýningarrétti. Yfirdráttarlán að fjárhæð 37 m.kr. var greitt upp á árinu.

Stjórn RÚV samþykkti ársreikninginn með áritun sinni.

#### b. Skýrsla endurskoðanda

Endurskoðandi félagsins fór yfir skýrslu endurskoðanda. Það var álit endurskoðanda félagsins að samstæðureikningurinn gefi skýra mynd af afkomu félagsins árið 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á haldbæru fé á árinu. Jafnframt að hann sé í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.

Fundi slitið.

SEN VAGNAR  
Silja D. Gunnarsdóttir  
Aron Ólafsson  
Margrét Tryggvadóttir  
Sigurður Birgisson  
Jón Ólafsson  
Þráinn Óskarsson  
DILJÁ ÁMUNDADÓTTIR